LISTIR

Listasafn Reykjavíkur á um 11.000 listaverk í fórum sínum. Þröstur Helgason fór á sumarsýningu Kjarvalsstaða þar sem 150 þessara verka segja sögu líðandi aldar á sinn hátt.



Morgunblaðið/Kristinn

SUMARSÝNING Kjarvalsstaða veitir yfirlit yfir sögu íslenskrar myndlistar á þessari öld.

Sumarsýning Listasafns Reykjavíkur

Öld í myndum

AÐ STIKLA á listaverkum í gegnum heila öld er skemmtileg ferð. Verkin eru eins og vörður sem vísa veginn, tákn um áfangastað einhvers staðar inni í þokunni. Öðru hverju glittir í kunnugleg kennileiti og andlit sem mæta manni á langri leiðinni. Þarna er Þórarinn B. Þorláksson að mála „Austurstræti“ og Kjarval með „Systrunum á Stapa“ að spóka sig í náttúrunni, þarna er „Sjómaður“ Gunnlaugs Scheving og Finns Jónssonar líka, SÚM-hópurinn skýtur upp kollinum sem snöggvast en upp úr því má segja að þokan fari að þéttast. Sífellt verður erfiðara að átta sig á því hvernig landið liggur, stundum er eins og allt sé flatt framundan en þá allt í einu tekur við þrítugur vegghamar eða djúpur dalur. Og maður veit oft ekki hvaðan á sig stendur veðrið.

Náttúran og tilvistin

Elsta verkið á sýningunni er „Austurstræti“ eftir Þórarinn B. Þorláksson sem málað var 1891. Þórarinn var frumherji í íslenskri myndlist eins og reyndar allir þeir sem eiga verk í fyrsta hluta sýningarinnar, s.s. Ásgrímur Jónsson, Kristín Jónsdóttir og Kjarval. Og þótt stíll þessara listamanna sé fjölbreytilegur sameinar íslensk náttúra þá en hún er meginþemað í verkum þeirra allra.

Raunar er náttúran eitt aðalyrkisefni íslenskra listamanna lengst af öldinni og dúkkar öðru hverju upp í verkum samtímans einnig. Á fjórða áratugnum verður maðurinn þó sífellt áleitnara myndefni, maðurinn og nánasta umhverfi hans. Hins vegar er tilvistarvandi mannsins, angist hans og kvöl frammi fyrir köldum og torskildum heiminum, ekki fyrirferðarmikið umfjöllunarefni í íslenskri myndlist fyrr en í verkum einstakra manna á níunda og tíunda áratugnum.

Þó mætti e.t.v. túlka abstrakt málverkið sem einhvers konar viðbragð mannsins eða svar við sundurtættum heimi nútímans. Form og heildir leysast upp. Þetta er þó ekki innantóm óreiða heldur annars konar sýn á heiminn og tilveruna. Segja má að abstraktlistin hafi hafið innreið sína í íslenska myndlist fyrir alvöru í verkum Svavars Guðnasonar sem hélt fyrstu sýninguna á abstraktlist í Reykjavík árið 1945. Viðtökurnar voru ekki mjög góðar enda Íslendingar hræddir við nýjungar þá eins og nú.

Abstraktmálverkið ruddi sér hins vegar fljótlega til rúms eins og sjá má í verkum nýrrar kynslóðar listamanna sem spratt fram um 1950. Þar voru fremst í flokki Kristján Davíðsson, Karl Kvaran, Guðmunda Andrésdóttir og Valtýr Pétursson sem öll eiga verk á sýningunni á Kjarvalsstöðum.

Framúrstefna, fortíð og nútíð

Avant gard-list Evrópu og Bandaríkjanna kom svo eins og sprengja inn í íslenskt listalíf með SÚM-hópnum árið 1965. Flúxus-áhrif, Pop-list, Art-Povera og ný listform skutu rótum, s.s. Happenings og Performans art. Nokkrir SÚM-arar eiga skemmtileg verk á sýningunni, s.s. Sigurður Guðmundsson og Kristján Guðmundsson sem var einn helsti frumkvöðull consept-listarinnar á Íslandi.

Á sýningunni er einnig afar skemmtilegt verk eftir Magnús Pálsson, „Stærðfræði“, þar sem nútíð og fortíð kallast á með forvitnilegum hætti. Verkið skírskotar aftur til Pýþagórasar sem sagður er hafa krotað tölur með staf sínum í sendna strönd en verkið eru tölur í sandi. Tölur í sandi eru svo e.t.v. ábending um að stærðfræðin, og öll sú vísindalega vitneskja sem byggir á henni og nútíminn er reistur á, sé forgengileg eins og allt í þessum heimi. Það er og táknrænt að beint á móti verki Magnúsar er stillt upp höggmynd Páls Guðmundssonar af glímu Grettis og Gláms en slíkar sögur, goðsagnirnar, eru einmitt þau verk mannanna sem best hafa staðist tímans tönn.

Aftur til náttúrunnar?

Íslensk myndlist á okkar dögum er margvísleg og kannski einkennir ákveðin sundurleitni hana einna helst – og þokan þéttist. Fólk leitar persónulegra lausna í listinni og á vandanum að vera til. Verkin eru þó opnari að því leyti að táknmál tilfinninganna er orðið skýrara. Svartsýni, húmor, óvissa, angist, bjartsýni; allt birtist þetta með skýrum hætti í verkunum í síðasta hluta sýningarinnar. Náttúran er líka áberandi í yngri verkum sýningarinnar, e.t.v. hefur átt sér stað einhvers konar afturhvarf til náttúrunnar í íslenskri myndlist. Yngsta verk sýningarinnar er til merkis um þetta, „Stúlka með sítt hár að spegla sig í vatni“ eftir Birgi Snæbjörn Birgisson. Þar renna stúlka og vatn saman, maður og jörð verða eitt.

Sýning Kjarvalsstaða verður opin frá kl. 10-18 alla daga fram í september. Aðgangur er seldur við norðurdyr vestursalarins en þeim sem ætla að skoða sýninguna skal bent á að henni hefur verið raðað upp í öfugri tímaröð og því er best að byrja yfirferðina á henni í syðri enda austursalarins.

Úr skugganum

Í ÁR eru 150 ár liðin frá fæðingu franska tónskáldsins Gabriel Fauré og 100 ár frá fæðingu þýska tónskáldsins Paul Hindemith. Af því tilefni hefur hópur tónlistarmanna ákveðið að efna til tónlistarhátíðar í Borgarleikhúsinu þar sem tónlist þessara tveggja manna verður leikin. Blaðamaður Morgunblaðsins fór á æfingu og hitti tvo úr hópnum, þá Sigurð Halldórsson sellóleikara og Daníel Þorsteinsson píanóleikara.

„Þessi tónskáld eru í talsverðu uppáhaldi hjá okkur og okkur fannst kærkomið að búa til dagskrá með verkum þeirra á afmælisárinu.“

Paul Hindemith er eitt þekktasta tónskáld Þjóðverja á þessari öld og var mjög byltingarkenndur og umdeildur, sérstaklega á yngri árum. Hann hafði mjög ákveðnar skoðanir á því hvernig skyldi semja tónlist og hafnaði t.d. hugmyndum Schönbergs og nýja Vínarskólans um tónlist samda utan ákveðinna tóntegunda og sagði það skáldskap andlega latra manna. Gabriel Fauré var öllu hógværari og tilheyrir rómantísku stefnunni í tónlist.

„Við ætlum okkur ekki að finna beina tengingu milli þeirra aðra en að þeir eiga báðir afmæli og sömdu heillandi tónlist.“

„Það fólk sem spilar á tónleikunum er allt saman tónlistarmenn sem hafa starfað saman meira og minna síðastliðin ár. Umræður um þetta hófust fyrir tveimur árum en gífurleg vinna fer í að undirbúa svona tónleika og æfa saman.“

Þeir segjast hafa orðið varir við mikinn áhuga fyrir tónleikunum og sérstaklega hafi yfirskriftin vakið athygli en hún er tilvitnun í Stein Steinarr, Mitt auga leit tvo annarlega skugga, og segja þeir að skuggarnir geti þá táknað tónskáldin þar sem þau hafi ekki mikið verið í sviðsljósinu hér á landi.



Morgunblaðið/Golli

FIMM þeirra tónlistarmanna sem spila á tónlistarhátíðinni í Borgarleikhúsinu.

Tilraun með hljómburð

Tónleikarnir fara fram á litla sviði Borgarleikhússins. „Það hefur sína kosti og galla að spila þarna. Það er mjög gott að hlusta úti í sal og öll tónlistin heyrist skýrt og greinilega enda nálægðin við hljómsveitina mikil. Eftirhljómurinn er kannski fulllítill en við ætlum að gera tilraun til að stilla hljómburðinn með tækjum. Allt hljóðið verður tekið inn í kerfi með hljóðnemum og svo er eftirhljómurinn settur í hátalara sem svo er hægt að stilla á ýmsa vegu.“ Þeir sögðu að fólk yrði ekki áberandi vart við þetta og þessi tækni væri mikið notuð í tónlistarhúsum erlendis þar sem kröfur um góðan hljómburð og hljómgæði eru sífellt að aukast.

Fyrstu tónleikarnir voru í gærkveldi. Aðrir tónleikar hópsins verða í Borgarleikhúsinu kl. 21 á sunnudagskvöld og þeir þriðju á sama tíma á þriðjudagskvöld.

Aðalsmerkið brúðurnar og litríkir búningar

LEIKLIST

Brúðubíllinn

SÝNING Á GÆSLUVELLI VIÐ NJÁLSGÖTU

Handrit og brúður: Helga Steffensen Vísur: Þrándur Thoroddsen o. fl. Tónlist: Magnús Kjartansson Leiktjöld: Snorri Freyr Hilmarsson Leikstjórn: Edda Heiðrún Backman og Helga Steffensen Raddir: Edda Heiðrún Backman, Felix Bergsson, Jóhann Sigurðsson, Helga Braga Jónsdóttir, Aðalsteinn Bergdal og Helga Steffensen Búningur krókódíls: Ingibjörg Jónsdóttir Bílstjóri og tæknimaður: Jason Ólafsson Upptaka: Sveinn Kjartansson (Fílabeinskjallarinn) Fimmtudag 22. júní, kl. 10

BRÚÐUBÍLLINN, barnaleikhús á hjólum, er að verða fastur liður á sumardagskránni sem Reykjavíkurborg býður upp á. Í júní og júlí keyrir brúðubíllinn milli gæslu- og leikvalla í Reykjavík og býður börnum (og öðrum áhugasömum) upp á ókeypis brúðuleiksýningu. Ég brá mér á eina slíka árdegissýningu og fékk 10 ára son minn sem fylgdarsvein. Þótt ótrúlegt kunni að virðast man hann vel eftir sýningum brúðubílsins sem hann sá þegar hann var þriggja og fjögurra ára gamall, og ekki síst man hann hvað hann skemmti sér vel. Eitthvað varð hann þó undirleitur þegar við komum inn á gæsluvöllinn og hann sá að hann var líklega elsta barnið sem var viðstatt, en löngunin til að rifja upp kynnin við brúðubílinn varð þó öllum efasemdum yfirsterkari.

Sýningin sem við sáum kallast Af hverju? og er önnur tveggja sýninga sem brúðubíllinn er með á dagskránni í sumar. Í stuttu máli fjallar sýningin um lítinn fílsunga í Afríku sem er óskaplega forvitinn og plagar önnur dýr með spurningum sínum. Forvitni fílsungans hefur afdrifaríkar afleiðingar fyrir alla fíla framtíðarinnar; sagan sem leikurinn segir er nefnilega skýringarsögn á því hvers vegna fíllinn er með svo langan rana.

Sýningin tekur um hálftíma í flutningi, sagan er sögð með söngvum og látbragði, sem fer fram bæði á „sviðinu“ svo og fyrir framan það. Auk litla fílsungans koma önnur dýr við sögu; strútur, gíraffi, fíll, slanga og krókódíll, svo nokkur séu nefnd. Aðalsmerki þessa skemmtilega barnaleikhúss er að sjálfsögðu brúðurnar og litríkir og skemmtilegir búningarnir á leikendurna. Strúturinn var afar spaugilegur með sinn langa háls og litla haus og eins var hinn dansandi, feiti flóðhestur ósköp sætur. Báðar þessar persónur og búningar þeirra báru þess greinilega merki að vera undir áhrifum frá sömu persónum úr Disneymyndinni Fantasíu. Þótt slík áhrif leyni sér ekki rýrir það síður en svo gildi persónanna; börnin hrífast af litskrúðugum, skoplegum persónunum. Krókódíllinn virtist vekja óttablandna hrifningu barnanna, en þau skipuðu honum ákveðin að hypja sig þegar fílsunginn hvatti þau til þess. Söguþráðurinn er nægilega einfaldur til þess að börnin geti fylgst með án þess að missa þráðinn, og sagan er í stuttum atriðum sem hvert fyrir sig beinist að því að kynna eitt dýr fyrir börnunum. Reyndir leikarar leggja dýrunum til raddir og er sagan flutt af bandi, líkt og söngvarnir. Óhætt er að segja að áhorfendur hafi skemmt sér vel þennan morgun, bæði börn og fullorðnir. Sýningin er einmitt hæfilega löng til að halda athygli barnanna, sem voru flest á aldrinum 2-6 ára, að því að mér virtist.



Alþekkt persóna brúðubílsins í gegnum tíðina og góðvinur barnanna, apakötturinn Lilli, er nokkurs konar kynnir sýningarinnar og stjórnar afmælissöng í lok sýningar, því Brúðubíllinn á 15 ára afmæli nú í sumar. Það er fyllsta ástæða til að óska Helgu Steffenssen og liði hennar til hamingju með afmælið, með óskum um að Brúðubíllinn eigi langa og gæfuríka framtíð fyrir hjólum.

Soffía Auður Birgisdóttir